

Mál nr. 49/2010

Ár 2011, mánudaginn 10. október, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 49/2010

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 12. október 2010 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði Y hafi gerst brotlegur við Grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina XX við rakkann YY án þess að tíkin eða rakkinn hafi undirgengist viðeigandi heilsufarsskoðanir. Eins telur kærandi X ljóst að kærði Y hafi ekki ættbókarfært hvolpana í gotinu og selt þá óættbókarfærða í trássi við Grundvallarreglur fyrir félagsmenn. Þann 26. október barst siðanefnd viðbót við fyrri kærðu kæranda X með upplýsingum um ræktun blendinga hjá kæranda Y. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig kærandi X telur kærða Y hafa gerst brotlegan né er vísað til þess hvaða reglur teljast hafa verið brotlegar. Er það ámælisvert en siðanefnd telur annmarkan ekki það stórvægilegan að varði frávisun viðbótarkærunnar. Kæran var send kærða Y til umsagnar með bréfi dagsettu 1. desember 2010 og honum gefinn andmælafrestur til 29. desember 2010. Þann 3. desember sagði kærði Y sig úr HRFÍ. Siðanefnd boðaði til sáttafundar 24. janúar 2011 en ekki var mætt af hálfu kærða Y. Þar sem kærði Y hefur ekki látið málið til sín taka náðust ekki sættir í málinu og þar sem siðanefnd taldi að öll gögn og sjónarmið er máli kynnu að skipta væru komin fram ákvað hún að taka málið til úrskurðar. Vegna annríkis hefur dregist að kveða upp úrskurð í málinu hjá siðanefnd.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Kærði Y sagði sig úr félaginu eftir að mál þetta var kært til siðanefndar. Kemur þá fyrst til athugunar hvort siðanefnd geti látið málið til sín taka. Í 3. mgr. 28. gr. laga Hundaræktarfélags Íslands er kveðið á um að siðanefnd geti úrskurðað um brot fyrrverandi félagsmanns, hafi brotin átt sér stað í félagstíð hans. Kærða Y er gefið að sök að hafa parað án tilskyldra heilbrigðisvottorða. Þörun þessi fór fram 29. nóvember 2009. Þá er kærða Y gefið að sök að hafa ekki ættbókarfært hvolpana áður en þeir voru afhentir nýjum eigendum. Tíkin XX gaut 29. janúar 2010 en ekkert liggur fyrir um hvenær hvolparnir voru seldir og afhentir nýjum eigendum. Líkindi eru þó fyrir því að það hafi verið rúmum átta vikum eftir að þeir fæddust. Þá er kærða Y að endingu gefið að sök að hafa ræktað undan hreinræktuðum schäfer hundi og tík sem er labrador og border collie blendingi en þeir hvolpar fæddust 3. september 2010. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu HRFÍ var kærði Y félagsmaður í HRFÍ þá þegar meint brot áttu sér stað. Af þeirri ástæðu verður málið tekið til efnislegrar meðferðar af hálfu siðanefndar.

Kærandi X heldur því fram að kærði Y hafi parað rakkann YY við tíkina XX án þess að hundarnir hefðu tilskilin heilbrigðisvottorð. Þetta telur kærandi X fara í bága við reglur sérdeilda varðandi schäfer hunda enda skulu þeir vera mjaðma- og olnbogamyndaðir og niðurstaðan kunn fyrir þörun. Eins er kærða Y gefið að sök að hafa stundað ræktun, kaup og sölu á óættbókarfærðum hundum enda hafi tíkin gotið 29. janúar 2010 en þegar kæran hafi verið sett fram hafi hvolparnir ekki enn verið ættbókarfærðir. Þess utan leggur kærandi X fram gögn af spjallsíðum þar sem fram kemur að kærði Y telur gotið vera „utan HRFÍ“. Telur kærandi X þetta sýna að hvolparnir hafi verið seldir án ættbókar. Eins telur kærandi X að

kærði Y hafi gerst brotlegur með því að para saman Schäfer hund með tík sem er blendingur af Labrador og Border Collie tegund. Með því hafi færði Y gerst brotlegur enda hafi hann ekki notað hunda af sömu tegund til ræktunar.

Þess ber að geta að í málinu liggja ekki fyrir gögn um þá hunda né þau got er stafa frá félaginu. Það er vegna þess að ekki hefur enn verið sóst eftir skráningu á því goti sem um ræðir. Þess í stað eru lögð fram tölvupóstsamskipti sem og útprentanir af spjallsíðum á netinu. Siðanefnd metur sjálft gildi þeirra sönnunargagna sem um ræðir. Þá er líka tekið tillit til þess að færði Y hefur kosið að láta málið ekki til sín taka og hefur því ekki andmælt þeim fullyrðingum sem fram koma í kærinni og fylgigögnum með kærinni þrátt fyrir að siðanefnd sendi honum kærana til umsagnar sem og fylgigögn og hann hafði ærið tækifæri til að koma að andmælum. Með vísan til þess og þrátt fyrir að ekki var hægt að sannreyna sannleiksgildi þeirra upplýsinga sem í kærinni eru er gengið út frá því að staðreyndirnar séu réttar enda hefur færði Y ekki andmælt þeim.

III. Forsendur.

Samkvæmt Grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn. Í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um Schäfer:

„Mjálma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun.

(Fyrir

mjálmamyndir gildir frá 01.11.1999 og olnbogamyndir frá 01.09. 2010).

Greinist hundur með mjálma-og/eða olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.(Gildir frá 01.09.2010)“

Þegar þörun átti sér stað 29. nóvember 2009 hafði hvorki tíkin né rakkinn verið mynduð eins og áskilið er. Niðurstaða úr mjálma- og olnbogamyndatöku er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur færði Y því sem eigandi rakkans gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Þá ber ræktanda að ættbókarfæra hvolpa úr goti áður en þeir eru afhentir nýjum eiganda auk þess sem lagt er bann við sölu á óættbókarfærðum hundum í reglugerð um skráningu í ættbók. Í 2. tölulið kafla II reglugerðarinnar er kveðið á um að einungis ræktanda sé heimilt að sækja um skráningu í ættbók. Þá er kveðið á um það að með ræktanda sé í þessu tilliti átt við eiganda tíkarinnar eða þann sem sannanlega átti rétt til undaneldis á tíkinni á umræddum tíma. Í kærinni kemur fram að YYY sé eigandi tíkarinnar í ættbók en hún sé búsett hjá öðrum eiganda. Hún hafi ekki verið greidd og því ekki fengist umskráð. Því er hins vegar ekki haldið fram að færði Y sé eigandi tíkarinnar né að hann hafi rétt til undaneldis undan henni. Samkvæmt því hafði færði Y hvorki rétt né var honum skylt að sækja um skráningu hvolpanna í ættbók. Þá er ekkert komið fram um að hér hafi færði Y verið seljandi hvolpanna en venjan er að eigandi tíka selja hvolpa undan þeim. Af þeirri ástæðu er ekki hægt að fallast á það með kæranda X að færði Y hafi hér gerst brotlegur.

Samkvæmt Grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ ber þeim að nota hunda af sömu tegund til ræktunar. Í málinu liggur fyrir upplýsingar frá kærða X um got undan Schäfer rakka og blandingstík sem bæði eru í eigu kærða Y. Í þeim samskiptum sem liggja fyrir kemur jafnframt fram að þörunin hafi orðið fyrir slysi en það breytir ekki niðurstöðunni og telur siðanefnd að færði hafi gerst brotlegur við grein 2.1 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotum kærða Y. Kærði Y hefur engar skýringar gefið á því af hverju pörun hafi átt sér stað án tilskilinna heilbrigðisvottorða. Þannig lá ekki fyrir niðurstaða myndatöku. Þó liggur það fyrir að pörunin var fyrirfram skipulögð. Varðandi síðari pörun af mismunandi kyni kemur fram að pörunin hafi orðið fyrir slysi en á það ber að líta að það er alfarið á ábyrgð eigenda að hundar parist ekki fyrir slysi. Kærði Y kaus að segja sig úr félaginu og hefur í engu svarað þrátt fyrir ítrekuð tilmæli siðanefndar um rétt hans til andmæla. Með því lítur siðanefnd svo á að kærði Y fallist á lýsingu kæranda X á atvikum máls. Enda þótt gögnin sýna að kærði Y vanvirðir með framferði sínu markmið félagsins og það geti því komið til skoðunar hjá stjórn HRFÍ hvort kærði Y geti að nýju orðið félagsmaður í HRFÍ samkvæmt ákvæði 5.a í lögum HRFÍ þykir siðanefnd ekki tilefni til að beita harðari viðurlögum en áminningu enda hefur kærði Y ekki svo vitað sé gerst áður brotlegur við reglur félagsins.

IV. Niðurstaða

Kærði Y hefur gerst brotlegur við grein 2.1 og 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærði er áminntur.

f.h siðanefndar

Sign:

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir